



476. Stjórnarfundur haldinn 13. október. 2016 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI) og Birgir Már Bragason (BMB).

Fjarverandi: Sveinn Adolfsson (SA) og Guðjón Axelsson (GA).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Tölvupóstur frá UMFÍ v/ sambandsráðsfundar UMFÍ sem haldinn verður þann 15. október 2016 að Laugum í Sælingsdal. Dagskrá, tillögur, ársreikningur og fjárhagsáætlun fylgja með. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ með stefnu **UMFÍ**.

3. Send bréf.

Bréf sent til Berglindar Hauksdóttur hjá Keflavíkurbúnaðarbankanum Landsbanka Íslands v/frestunar á greiðslu láns körfuknattleiksdeildar Keflavíkur til aðalstjórnar.

4. Málþing Keflavíkur.

EH sagði frá því að hann hefði sent tölvupóst á alla formenn deilda félagsins og beðið um að þeir myndu svara fyrir 12. október ef það væri eitthvað sérstakt sem þeirra deild vild láta taka fyrir og ef ekki yrði svarað þá væri litið svo á að viðkomandi deild hefði ekki neitt fram að færa. Því miður svaraði enginn formaður. **Ákveðið að biða með að halda málþing fram yfir aðalfund deilda og félagsins.**

5. Sambandsráðsfundur UMFÍ.

Sambandsráðsfundur UMFÍ verður haldinn á Laugum í Sælingsdal 15. október. Dagskrá, tillögur stjórnar, reikningur fyrir 2015 og fjárhagsáætlunin UMFÍ liggur fyrir fundinum. EH og KG munu mæta fyrir hönd Keflavíkur.

6. Námskeið.

Ákveðið er að halda skyndihjálparnámskeið sem verða þann 8. og 14. nóvember kl.18:00 í sal 2 í félagsheimili okkar. Námskeiðið er fyrir þjálfara og stjórnarfolk Keflavíkur. Aðalstjórn leggur ríka áherslu á að allir þjálfarar félagsins mæti.

7. Önnur mál.

BMB kom inn á merkingu á gripum félagsins (bikurum og fleira) en það mál er en í gangi og verið er að finna aðila til að taka það að sér.

EH sagði frá því að hann væri búin að setja upp viðburðafána frá knattspyrnudeildinni varðandi þátttöku í Evrópukeppni í bikarskápinn í anddyri íþróttahússins.

BMB kom inn á hver stefna félagsins og deilda til framtíðar væri og hvort menn væru sáttir hvar við værum. Nokkrar umræður um málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:50.

Næsti stjórnarfundur fimmtudaginn 27. október 2016 kl. 18:00.

Fundinn ritaði EH.

